

AFRIT



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 13. apríl 2015
UST201503-215/M.I.K.
09.07.01

Akraneskaupstaður
Þorvaldur Vestmann
Stíllholti 16-18
300 Akranes

Umhverfisstofnun
Áb. _____
16. apríl 2015
09.07.01
Tilv. _____

Efni: Umsókn um leyfi til að reisa varnargarð við Blautós og Innstavogsnes

Umhverfisstofnun hefur móttækið erindi frá Akraneskaupstað dagsett 5. mars 2015 vegna leyfis til að reisa varnargarð í útjaðri friðlandsins við Blautós og Innstavogsnes.

Svæðið Blautós og Innstavogsnes í Akraneskaupstað var friðlýst árið 1999 sem friðland sbr. auglýsingu í Stjórnartíðindum B nr. 166/1999. Tilgangur friðlýsingarinnar er að vernda landslag og lífríki svæðisins, en þar er auðugt fuglalíf. Bæjarstjórn Akraness skal, að höfðu samráði við Umhverfisstofnun, framkvæma nauðsynlegar aðgerðir til að almenningur geti notið hins friðlýsta svæðis, svo sem með lagningu göngustíga og uppsetningu fræðsluskilta þar sem því verður við komið. Mannvirkjagerð, jarðrask og hvers konar breyting á landi er háð leyfi Umhverfisstofnunar og umhverfisnefndar Akraness.

Lýsing

Reisa á varnargarð út sprengdu grjóti, kjarna, í lítilli vík sem er niður af hesthúsabyggð við Æðarodda. Garðurinn verður í sömu hæð og landið í kring. Steinar verða að hámarki 500 kg. Vegna ágangs sjávar hefur orðið landrof á svæðinu og er það að nálgast hesthúsalóðir. Haldi landrofið áfram mun það koma í veg fyrir að hægt verði að leggja reiðleið meðfram lóðunum. Framkvæmdaaðilar eru Akraneskaupstaður og Vegagerðin-siglingasvið. Víkin er í austurjaðri friðlandsins.

Áhrifamat

Að mati Umhverfisstofnunar er framkvæmdin sem lýst er hér að ofan ekki líkleg til að skerða verndargildi friðlandsins og valda óafturkræfum breytingum á svæðinu.

Niðurstaða

Umhverfisstofnun heimilar fyrir sitt leyti framkvæmdina eins og lýst er hér að ofan með eftirfarandi skilyrðum:

- Framkvæmdin sé utan varptíma og truflun á fuglalíf í lágmarki.
- Öllu raski við framkvæmdina verði haldið í algeru lágmarki.
- Vanda skal frágang þegar verki lýkur.
- Tilkynna skal til Umhverfisstofnunar um frávík á ofangreindri verklýsingu.
- Tilkynna skal til Umhverfisstofnunar þegar verki er lokið.

Virðingarfyllt

Guðbjörg Gunnarsdóttir

Guðbjörg Gunnarsdóttir
Þjóðgarðsvörður

Sigrún Ágústsdóttir
Sigrún Ágústsdóttir
Sviðsstjóri